

GJALDSKRÁ

fyrir undanþágu frá banni við hundahaldi í Borgarnesi árið 2005.

1. gr.

Skráningargjald sbr. staflið c í 2. gr. samþykktar nr. 577/1995 um bann við hundahaldi í Borgarnesi skal árið 2005 vera kr. 3.000 og greiðist við skráningu hundsins.

2. gr.

Árgjald fyrir að halda hund sbr. staflið c í 2. gr. framangreindrar samþykktar skal vera kr. 8.000 fyrir allt árið eða hluta úr ári.

Gjalddagi er 1. mars og eindagi 1. júlí. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

3. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 6. gr. framangreindrar samþykktar skal vera kr. 5.000, auk þess sem greiða skal kr. 700 í gjald fyrir hvern dag sem hundurinn er í haldi.

4. gr.

Framangreind gjaldskrá er samþykkt af bæjarstjórn Borgarbyggðar samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 3. janúar 2005.

Páll S. Brynjarsson bæjarstjóri.